

### **3. fundur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.**

Miðvikudaginn 11. janúar 2017 í mennta- og menningarmálaráðuneyti kl. 13-16.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Björk Óttarsdóttir, Guðni Olgeirsson, Jón Torfi Jónasson, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Birna Svanbjörnsdóttir, Laufey Kristinsdóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir, Kristín Valsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Magnús Þorkelsson, Haraldur Örn Haraldsson, Sigurður Sigurjónsson, Þórður Kristjánsson, Hjördís Þorgeirsdóttir, Svanhildur M Ólafsdóttir. Kristín Runólfssdóttir seinni hluta fundarins.

Forföll boðuðu: Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, Þorsteinn Hjartarson

Gestir frá Menntamálastofnun (liður 4). Þóra Björk Jónsdóttir, Ragnar Ólafsson og Gylfi Jón Gylfason

#### **1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar.**

#### **2. Yfirlit um stöðu mála**

Í skýrslu Fagráðs um starfsþróun (2016) og í erindisbréfi samstarfsráðsins er grunnur að starfsáætlun ráðsins.

Stýrihópurinn hefur unnið úr umræðu og tillögum frá 2. fundi samstarfsráðsins 7. nóv. sl. um starfsáætlun ráðsins fyrir næstu þrjú ár og lagði fram til umræðu drög að henni. Starfsáætlun leggur grunn að starfinu framundan og fjárhagsáætlun ráðsins. Fram kom að mikilvægt væri að áætlunin sé lifandi plagg, en jafnframt kjölfesta í starfinu framundan.

Sigurjón ræddi um fjármögnun ráðsins en erfiðlega hefur gengið að fá niðurstöðu um framlag frá ráðuneytinu. Björk fór yfir stöðuna í fjármögnunni og bréf frá ráðuneytinu til Kennarasambandsins sem afhent var á fundinum, þar sem fram kemur afstaða ráðuneytisins til málsins, en meginniðurstaðan er að ráðuneytið mun ekki verða við ósk um starfsmann að svo stöddu en er tilbúið að leggja fram krafta starfsmanna ráðuneytisins og styðja við einstök verkefni hverju sinni og að hægt sé að nýta Menntamálastofnun. Afrit af bréfinu til KÍ er hjálagt.

Þessi niðurstaða veldur KÍ miklum vonbrigðum og þau skilja ekki hvers vegna ráðið fái ekki stuðning frá ráðuneytinu til að hrinda verkefnum í framkvæmd. Fulltrúi Samb. sveitarfélaga upplýsti að Sambandið hefði sent fyrirspurn um þetta atriði til ráðherra. Almenn óánægja kom fram hjá fulltrúum í ráðinu með þessa afstöðu ráðuneytisins sem skapar óvissu um starf ráðsins.

#### **3. Starfsáætlun samstarfsráðsins**

Sigurjón fór í stuttu máli yfir drög að starfsáætlun samstarfsráðsins sem send var út með fundarboði og almennar umræður voru um áætlunina. Sjá í fylgiskjali.

Fulltúar háskóla greindu frá umræðu á samráðsfundi með fulltrúum háskólanna sem haldinn var í gær. Þar var farið yfir nokkur samstarfsverkefni milli háskólanna sem eru í gangi eða að fara af stað. Hugmynd kom fram um að nýta Menntamiðju betur um hvað væri að gerast á sviði starfsþróunar. Rætt var t.d. um samstarfsverkefni háskólanna um að efla lærdómssamfélag og leiðsögn nýliða. Rætt var um þróun á starfsþróunarferlum og aukinn kraft í starfendarannsóknir. Einnig rætt um stærðfræðikennslu og eflingu hennar og

lærdómssamfélag fyrir listgreinakennara. Fyrirhugað er áframhaldandi samstarf háskólanna á þessu sviði. HA sagði sig reiðubúið að taka nokkur verkefni í fóstur og koma þeim af stað í samvinnu við aðra.

Fulltrúi sveitarfélaga benti á að þunginn í starfsáætlun væri gagnaöflun og greining gagna. Markmiðið væri að vinna að aðgerðum til úrbóta.

Fulltrúar KÍ hafa hist nokkrum sinnum til að fara yfir erindisbréf hópsins og drög að starfsáætlun og þeir lögðu fram og kynntu minnisblað um drög að áætluninni með ýmsum ábendingum og athugasemdum, forgagnsröðun verkefna, sjá í fylgiskjali. Almenn ánægja er með starfsáætlunina en öll framsetning Kennarasambandsins á hugmyndum miðast við starfsmann í fullu starfi og fjármagn til þróunarverkefna. Íhuga þarf vel hvernig koma eigi afrakstri starfsins til framkvæmda og finna viðeigandi nálgun í því skyni. Mikil áhersla á kynningarstarf á vegum ráðsins, kynningarefni og samtal við skólasamfélagið, fyrirhuguð málþing mikilvæg. Mikilvægt að huga að stoðkerfi við starfsþróun og að skoða brottfall og nýliðun í kennarastéttinni. Óskað verði eftir fjármunum til að koma þróunarverkefnum af stað vegna útfærslu á stoðkerfi starfsþróunar. Skipa þarf að mati KÍ starfshópa strax um ýmis meginverkefni. Ef ekki fæst fjármagn til samstarfsráðsins þá þyrfti að breyta starfsáætluninni til samræmis við það.

Almenn ánægja kom fram í ráðinu með plaggið frá KÍ. Rætt um að brjóta verkefnið upp í smærri og viðurðanlegri þætti. Velt var upp hvernig best sé að hafa samstarf háskólanna við skólasamfélagið eða aðila þess en í því getur verið flækjustig. Virkja þarf skólasamfélagið og frumkvæði ráðuneytisins. Athuga að fleiri aðilar en háskólar sinna starfsþróun, t.d. einstaklingar.

#### **4. Samstarf og verkaskipting samstarfsráðsins og Menntamálastofnunar**

Sigurjón ræddi um kosti samstarfsráðsins við Menntamálastofnun um verkefni ráðsins en ljóst er að margir snertifletir eru fyrir hendi.

Fram kom ánægja hjá fulltrúum Menntamálastofnunar með að komast í tengsl við samstarfsráðið og að margir möguleikar eru fyrir stofnunina að koma að einstökum verkefnum í ljósi hlutverks stofnunarinnar og þeirra verkefna sem hún sinnir, t.d. vinna að greiningu á gögnum og samantekt. Rætt var um margs konar gögn hjá stofnuninni, t.d. PISA, Talis, samræmd próf, ytra mat og innritun í framhaldsskóla. Einnig var nefnt leiðsagnarhlutverk stofnunarinnar t.d. á sviði læsis. Spennandi er að skilgreina hvað sé gott skólustarf til að skilgreina hvað sé góð starfsþróun. Heilmikið er til af gögnum t.d. var rætt um Talis en möguleikar eru á því að nýta þau gögn betur í samræmi við verkefni ráðsins. Næsta Taliskönnun 2018 nær til kennara og stjórnenda á unglíngastigi grunnskóla og í leikskólum.

Möguleiki fyrir ráðuneytið að fela stofnuninni að vinna að tilteknum verkefnum á sviði menntamála.

Spurt um viðmið um starfsþróun í ytra matinu og að það sé skoðað sérstaklega í stofnanaúttektum.

Lagt er til að Menntamálastofnun fái starfsáætlun samstarfsráðsins til skoðunar með fyrirspurn um það hvaða atriði geta heyrt undir stofnunina. Fram kom að nokkur verkefni falla

beint að hlutverki stofnunarinnar og önnur tengjast að hluta og einnig mætti fela stofnuninni framkvæmd annarra verkefna í áætluninni.

Mikilvægt er að setja af stað vinnu við að skoða hvaða gögn eru fyrir hendi hjá stofnuninni og hvaða gögn er hægt að vinna betur og greina.

Menntamálastofnun hefur greint skólastarf út frá ýmsum gögnum og þar liggja fyrir ýmsar vísbendingar um hvað þurfi helst að gera í skólakerfinu. T.d. starfspróun í tengslum við PISA, Talis og ytra mat.

## 5. Önnur mál

Birna lagði til að fundartíma yrði breytt með tilliti til flugs til Akureyrar, byrja frekar kl. 10 eða kl. 12. Samþykkt að skoða þetta.

Óskað eftir því að fundir séu ekki á miðvikudögum eftir hádegið.

Næsti fundur samstarfsráðsins verður boðaður með dagskrá þegar stýrihópur metur þörf á því.

Fundi slitið kl. 15.50

### Helstu niðurstöður úr umræðunni á fundinum

- Samþykkt að stýrihópur fái umboð frá samstarfsráðinu til að laga starfsáætlunina í ljósi athugasemda og að hefja vinnu við að hrinda starfsáætluninni í framkvæmd eftir því sem svigrúm leyfir.
- Stýrihópur skipi starfshópa í samræmi við þau verkefni sem vinna þarf að. Stýrihópur hafi svigrúm til að móta þessa starfshópa.
- Fulltrúar ráðuneytisins í ráðinu hafi frumkvæði að því að fá fram afstöðu Sambandsins og háskólanna til forgangsverkefna og hvaða verkefni þeir gætu tekið að sér að fóstura. Einnig þarf að fá fram afstöðu ráðuneytisins.
- Stýrihópur hugi að möguleikum á nýtingu á Menntamiðju til upplýsingamiðlunar.
- Óskað verði sem fyrst eftir viðtali við nýjan ráðherra um samstarfsráðið, verkefni þess og fjármögnun.
- Stýrihópi var falið að vera í áframhaldandi samstarfi við Menntamálastofnun um útfærslu samstarfsins og stofnunin fái starfsáætlun samstarfsráðsins til skoðunar með fyrirspurn um mögulega aðkomu stofnunarinnar.
- Fjármögnun samstarfsráðsins var vísað til stýrihóps til frekari skoðunar, í ljósi afstöðu ráðuneytisins í bréfi til KÍ.

GO ritaði fundargerð